

## REGLUGERÐ

### um fráveitur í Svalbarðsstrandarhreppi.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fráveitur í lögsagnarumdæmi Svalbarðsstrandarhrepps.

#### 2. gr.

Svalbarðsstrandarhreppur starfrækir fráveitu í þéttbýlinu á Svalbarðseyri, en sveitarstjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveituna og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

Sveitarstjóri fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu bæjarins í umboði sveitarstjórnar.

#### 3. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu og ræsivatn, um fráveitulagnir frá byggð til viðtakanda.

Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitunnar, útrásir, safnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

#### 4. gr.

Þar sem fráveita hreppsins nær til, skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir, skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn.

#### 5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði, þar sem fráveita hreppsins liggur, er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna.

#### 6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu hreppsins, skal húseigandi leiða á sinn kostnað fráveituvatn frá húseigninni að safnbrunni með sjálfvirkum dælubúnaði, sem dælir fráveituvatninu að brunni, þannig staðsettum, að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu hreppsins.

#### 7. gr.

Þar sem fráveita hreppsins nær ekki til, skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur að viðtaka.

Þegar fráveita hreppsins hefur verið lögð, skulu húseigendur kosta og tengja fráræsi húseigna við hana.

## 8. gr.

Þegar tengja skal fráræsi húseigna við fráveitu hreppsins, sbr. 5. gr., eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró, sbr. 7. gr., skal sækja um það til sveitarstjóra hreppsins. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt pípulagningarmeistara þeim, sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráræsum frá húseignum sem tengja á fráveitu hreppsins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar, er sýni gerð þeirra og staðsetningu og siturléiðslur að viðtaka, auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða.

## 9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

## 10. gr.

Sveitarstjóri eða umboðsmaður hans skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal taka þær út og viðurkenna fráræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu hreppsins eða rotþrær. Sama gildir um staðsetningu og frágang rotþróa og siturlagna og skal farið að ákvæðum byggingarreglugerðar og mengunarvarnarreglugerðar þar um.

## 11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því, að lagnir fráveitu hreppsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Svalbarósstrandarhreppi er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

## 12. gr.

Ekki er heimilt að veita fráveituvatni frá húseignum í fráveitu hreppsins, ef það inniheldur mikið af fitu frá stórum eldhúsum og matvælaíðnaði, súrum vökvum, lífrænum leysiefnum og öðrum hættulegum efnaúrgangi frá iðnaðar- og framleiðslustarfsemi, bensíni og olíum frá bensínstöðvum, bifreiðaverkstæðum og smurstöðvum, sandi frá þvottaplönum eða öðru sem valdið getur skemmdum og rekstrartruflunum á fráveitu hreppsins og skaðlegri mengun á viðtaka.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn innihaldi ofangreind efni, ber eiganda húseignar að gera ráðstafanir til að fjarlægja þau eða gera óskaðleg, áður en fráveituvatninu er veitt í fráveitu hreppsins. Svalbarósstrandarhreppur getur krafist þess að viðurkenndum búnaði sé komið fyrir til að hindra að ofangreind efni komist í fráveitukerfi hreppsins.

## 13. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og sjá um hreinsun á fráræsum og gæta þess að þau stíflist ekki.

Sveitarstjórn sér til þess að rotþrær séu hreinsaðar með reglulegum hætti og hefur heimild til að innheimta gjald vegna þess kostnaðar. Förgun seyru (setlagi úr rotþró) skal

vera í samráði við sveitarstjórn. Skiljur á fráræsislögnum ber að hreinsa reglulega þannig að tryggt sé að hreinsibúnaðurinn gegni hlutverki sínu.

14. gr.

Þar sem hættu er á, að fráveituvatn frá fráveitu hreppsins flæði til baka um fráræsislagir frá húseigendum, vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu, skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll á sinn kostnað.

15. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Svalbarðsstrandarhrepps, sem liggja við vegi, götur eða opin svæði, þar sem holræsalagnir fráveitu hreppsins liggja, skal greiða árlega fráveitugjald og skal því m.a. varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu hreppsins.

Eigendur fasteigna, sem ekki eiga þess kost að tengja fráræsi húseigna sinna við fráveitu hreppsins eru undanþegnir fráveitugjaldi.

16. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa. Fráveitugjald skal miðast við ákveðinn hundradshluta af álagningarstofni samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og ráðuneytið staðfestir.

17. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

18. gr.

Fráveitugjald má innheimta með lögtaki og er það tryggt með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

19. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Svalbarðsstrandarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1995.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

**Fylgiskjal.**  
**Orðskýringar.**

*Fráræsi:* Leiðsla fyrir fráveituvatn frá húsum og lóðum að götufráræsi.

*Fráveita:* Leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar skólps.

*Fráveituvatn:* Vatn (skólþ, ofanvatn, vatn frá upphitunarkerfi húsa o.fl.) sem veitt er í fráveitur.

*Götufráræsi:* Leiðsla fyrir fráveituvatn frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna.

*Götuholræsi:* Holræsi í eða við götu.

*Holræsi:* Leiðsla, venjulega í jörð, fyrir fráveituvatn.

*Húsaskólþ:* Skólþ frá íbúðarhúsnæði og þjónustustarfsemi sem einkum á rætur að rekja til efnaskipta mannlíkamans og heimilisstarfa.

*Iðnaðarskólþ:* Skólþ annað en húsaskólþ og ofanvatn sem losað er frá húsnæði eða annarri aðstöðu sem notuð er til atvinnurekstrar eða iðnaðar.

*Ofanvatn:* Regnvatn og leysingarvatn sem rennur í fráveitur af húspökum, götum, gangstéttum og öðru þéttu yfirborði.

*Ofanvatnsræsi:* Leiðsla fyrir ofanvatn.

*Rotþær:* Tankur, sem skólþ er leitt um til hreinsunar.

*Safnræsi:* Holræsi til að safna saman fráveituvatni úr götuholræsum á nokkru svæði.

*Siturleiðslur:* Götuð leiðsla sem lögð er í jörðu og dreifir fráveituvatni út í jarðveg.

*Útrás:* Umbúnaður á enda útræsis, þar sem fráveituvatn rennur út í viðtaka.

*Útræsi:* Leiðsla, sem leiðir fráveituvatn frá útræsisbrunni út í viðtaka.

*Útræsisbrunnur:* Holræsisbrunnur við viðtaka, þaðan sem útræsi liggur úr í viðtakann.

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisauka-  
skatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og  
laugarvatns, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað hundraðshlutans „59“ fyrir Orkubú Vestfjarða í 2. mgr. 2. gr. komi: 63.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisauka-  
skatt, gildir frá 1. janúar 1995.

*Fjármálaráðuneytið, 20. febrúar 1995.*

F. h. r.  
**Snorri Olsen.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Guðmundsson.*